



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

ÁRSSKÝRSLA 2009



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

Brekkugötu 17, 600 Akureyri
sími 460-1290, fax 460-1291


netföng: adalbjorg@akureyri.is, lara@akureyri.is
opnunartími: 10:00 – 18:00 mánudaga og fimmtudaga,
10:00 – 16:00 þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri árið 2009

Almenn starfsemi

Safnið var opið á mánudögum og fimmtudögum frá kl. 10:00 – 18:00 en aðra virka daga frá kl. 10:00 – 16:00. Starfsmenn safnsins eru tveir, Aðalbjörg Sigmarsdóttir, héraðsskjalavörður og Lára Ágústa Ólafsdóttir, skjalavörður, en seinni part árs var Sólveig Haraldsdóttir, bókasafnsfræðingur, ráðin tímabundið í 4 mánuði vegna þess að safnið tók að sér verkefni fyrir Þjóðskjalasafn.

Aðsókn var svipuð árið 2009 og verið hefur síðustu ár, alls komu 694 gestir, 516 karlar og 178 konur. Notkun á safnkosti var 2364 skjalnúmer sem er mun minna en árið 2008 en mjög svipað og var á árinu 2007. Skýring á uppsveiflu árið 2008 er ritun á sögu Gagnfræðaskóla Akureyrar það ár. Upplýsingaþjónusta og svörun fyrirspurna var með hefðbundnum hætti og fjöldi skjalaafhendinga svipaður og undanfarin ár, en 81 afhending var skráð í aðfangabók.




Gestir á lestrarsal 2009.

Eftirlit og ráðgjöf til þeirra sem eiga að skila skjölum sínum á safnið fer vaxandi og verður æ stærri þáttur í störfum skjalavarða. Safnsvæðið er við Eyjafjörð og nær milli Arnarneshrepps að vestan og Grýtubakkahrepps að austan. Sveitarfélög á þessu svæði ásamt öllum nefndum, stofnunum og fyrirtækjum þeirra eru skilaskyld og þurfa því að hlýta fyrir mælum safnsins um meðferð og frágang skjala.

Sýningar

Safnið tók þátt í eða stóð fyrir fimm sýningum á árinu. Í júní var sýning í tilefni af útkomu bókar um sögu Gagnfræðaskóla Akureyrar og í sama mánuði var sett upp ættfræðihorn í Ketilhúsinu í tengslum við sýningu á verkum norska málarsins Kaare Espolin sem á ættir að rekja að Espihóli í Eyjafjarðarsveit. Í júlí tók safnið þátt í hundrað ára afmælisýningu landsmóta UMFÍ í tengslum við landsmótið hér á



Frá sýningu um Gagnfræðaskóla Akureyrar

Akureyri með því að sýna skjöl úr starfi ungmennafélaga í héraðinu. Í ágúst og september tók safnið þátt í sýningu um hjónin Harald Niélsson, guðfræðiprófessor og konu hans Aðalbjörgu Sigurðardóttur kennara og kvenréttindakonu, m.a. með sýningu skjala frá guðspekistúkunni Systkinabandið.

Árlegur norrænn skjaladagur var 14. nóvember og var að þessu sinni helgaður þemanu Konur og kvenfélög. Þann dag var opið hús á safninu og opnuð sýning sem var helguð kvenfélögum í héraðinu og stóð hún út nóvembermánuð. Einnig lagði safnið til efni um sama þema á vefinn www.skjaladagur.is.

Fundur og félagsmál

Tvær ráðstefnur Þjóðskjalasafns Íslands með héraðskjalavörðum voru haldnar á árinu, sú fyrri á Egilsstöðum í apríl, en sá síðari í Reykjavík í nóvember. Á ráðstefnum þessum var m.a. fjallað um Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga, eftirlitshlutverk héraðsskjalasafna, eftirlit Þjóðskjalasafns og samskipti við héraðsskjalasöfnin. Einnig var fjallað um úthlutunarreglur á ríkisframlagi til héraðsskjalasafna, skýrslu um héraðsskjalasöfnin, stefnumótun og framtíðarsýn safnanna og ýmislegt fleira sem brennur á skjalavörðum.

Í marsmánuði var stofnað Félag héraðsskjalavarða en tilgangur þess er að vera samstarfsvettvangur héraðsskjalavarða og styrkja með því faglegt starf þeirra. Félagið heldur úti heimasíðunni www.heradsskjalasafn.is og má þar finna upplýsingar um héraðsskjalasöfnin og ýmsan fróðleik fyrir þá sem vilja kynna sér starfsemi og tilgang safnanna. Félagið stóð fyrir átaki í söfnun skjala kvenfélaga í samstarfi við Kvenfélagasamband Íslands og gekk sú söfnun vel, þó að segja megi að kvenfélög í þessu héraði hafi staðið sig vel í gegnum tíðina og mörg hver verið búin að skila sínum gögnum áður en átakið hófst.

Aðföng

Hér á eftir fylgir listi yfir aðföng ársins 2009 þar sem sjá má hver afhenti og frá hverjum skjölin komu. Stofnunum, nefndum og fyrirtækjum sveitarfélaga er skylt að afhenda gögn sín á safnið og það sama á við um félög sem hlotið hafa styrk af almannafé. Safnið tekur einnig við skjölum annarra félaga og skjölum einstaklinga og fyrirtækja, sem ætla má að séu heimildir um sögu héraðsins. Fullunnar skrár yfir skjölin liggja frammi á lestrarsal fyrir gesti safnsins. Einnig er hægt að skoða þær á vefsíðunni <http://www.herak.is>.

1. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afhenti frá Amtsbókasafni Handbók fyrir almenningsbókasöfn, 1979.
2. Jóhanna Steinmarsdóttir, Akureyri, afhenti sjóferðabók Stefáns Magnússonar, sjómanns á Akureyri.
3. Örlygur Helgason og Margrét Sigfúsdóttir, Þorustöðum 2, Eyjafjarðarsveit afhentu einkaskjöl frá Helga Eiríkssyni, Þorustöðum, Sigríði Pálsdóttur, Þorustöðum og skjöl frá Kvenfélaginu Öldunni.
4. Már Einarsson, Amtsbókasafni, afhenti smáprent úr gjöf Þjóðræknisfélagsins til Amtsbókasafns.
5. Jón Hjaltason, Akureyri, afhenti 4. bindi af Sögu Akureyrar á geisladiskum.
6. Þorsteinn Arnórsson, Einingu-Iðju, afhenti gögn frá verkalyóðsfélögum á Norðurlandi.
7. Arnar Sigfússon, Akureyri, afhenti skjöl frá fasteignasölu Eignakjör.
8. Sigurður Aðils, Akureyri, afhenti gögn frá skátáfélögum og STAK úr fórum Sigurðar Guðlaugssonar, rafvirkjameistara á Akureyri.
9. Markús Meckl, Akureyri, afhenti ljósrit af gögnum í skjalasafni Öryggislögreglu Austur-Þýskalands, Stasi. Gögnin eru almenn og varða m.a. Ísland og Íslendinga, en eru ekki persónugreinanleg.
10. Gunnhildur Stefánsdóttir, Reykjavík, afhenti skjöl frá Petrínu Eldjárn, Akureyri.
11. Helga Tryggvadóttir, Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð, afhenti sjúkraskýrslur látinna 2006-2008.
12. Jónína Helgadóttir, Akureyri, afhenti gögn frá Austfirðingafélaginu á Akureyri.
13. Gunnar Th. Gunnarsson, Leifsstöðum, afhenti dagbækur Kristjáns Ásmundssonar, síðast í Víðigerði.
14. Guðmundur Kristjánsson, Kópavogi, afhenti einkaskjöl Sigurlínu Valg. Kristjánsdóttur og Guðmundar Péturssonar, Brekkugötu 27A.
15. Þorsteinn Arnórsson, Akureyri, afhenti gögn frá Félagi norðlenskra steinasafnara.
16. Magnús Aðalbjörnsson, Akureyri, afhenti nokkur tölublöð af Frosta, blaði nemenda Gagnfræðaskóla Akureyrar.
17. Jón Hjaltason, Akureyri, afhenti Sögu Menntaskólans á Akureyri, 4. bindi 1980-2005, Akureyri 2008.
18. Hilmar Stefánsson, Akureyri afhenti gögn frá Stefáni Júlíussyni á Breiðabóli.
19. Gunnar Lórenzon, Akureyri, afhenti skjöl Góðtemplarareglunnar á Akureyri.

20. Árni Arnsteinsson, Stóra-Dunhaga, afhenti skjöl frá Veiðifélagi Hörgár.
21. Sigríður Sigurðardóttir, Akureyri, afhenti skjöl frá skátastarfi á Akureyri.
22. Magnús Stefánsson, Akureyri, afhenti frá Læknafélagi Akureyrar Konsultationsbók Steingríms Matthíassonar 1902-1903 og dagbók hans úr Kínaferð 1903-1904. Greinargerð M.S. um bókina fylgir.
23. Björn Ingólfsson, Grenivík, afhenti samskotaloforð til Sjúkraskýlis Höfðhverfinga.
24. Guðfinna Guðnadóttir Thorlacius, Akureyri, afhenti einkaskjöl.
25. Guðmundur Sigvaldason, Hörgárbyggð, afhenti gögn frá Lestrarfélagi Öxndæla, Lestrarfélagi Fram-Hörgdæla, Bókasafni Glæsibæjarhrepps og Skólabókasafni Þelamerkurskóla.
26. Brynja Pálsdóttir, Akureyri, afhenti frá Akureyrarbæ kjörskrá við alþingiskosningar 25. apríl 2009.
27. Brynja Pálsdóttir, Akureyri, afhenti kjörskrá Grímseyjarhrepps vegna kosninga 25. apr. 2009 um sameiningu við Akureyri.
28. Iðunn Ágústsdóttir, Akureyri, afhenti kveðskap eftir ýmsa úr fórum Önnu Kristinsdóttur í Fellsseli.
29. Már Einarsson, Akureyri, afhenti úr Amtsbókasafni blaðið Norðanfara 1874-1880.
30. Sverrir Pálsson, Akureyri, afhenti gögn úr fórum Sigurgeirs Jónssonar, söngkennara og orgelleikara á Akureyri.
31. Elín Dögg Guðjónsdóttir, Akureyri, afhenti skjöl frá Akureyrarbæ, úr Hrísey og Menntasmiðju.
32. Vera Sigurðardóttir, Hrísey, afhenti skjöl frá Birni Jörundssyni f. 1859 og afkomendum í Hrísey.
33. Bjarki Hilmarsson, Akureyri, afhenti gögn frá framboði Borgarhreyfingarinnar í NA-kjördæmi 2009.
34. Gunnar Sólnes, Akureyri, afhenti dagbækur Ingu Sólnes, Akureyri.
35. Hafsteinn Jakobsson, Akureyri, afhenti gögn frá deild Rauða krossins á Akureyri.
36. Björg Guðjónsdóttir, Akureyri, afhenti einkaskjöl.
37. Halldóra Stefánsdóttir, Akureyri, afhenti gögn frá Kvennasambandi Eyjafjarðar.
38. Þórarinn Hjartarson, Akureyri, afhenti frá Einingarsamtökum kommúnista, Verkalýðsblaðið, Rauðliðann o.fl. blöð og bækur.
39. Þorleifur Hauksson, Reykjavík afhenti fyrir Pröst Ólafsson, Reykjavík, örk úr bók Davíðs Stefánssonar, Í byggðum, áritaða af höfundi til Þóru.
40. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afhenti sóðbók des.1993 - ágúst 1994 frá Amtsbókasafni.
41. Skúli Árnason, Akureyri, afhenti gögn frá Landssíma Íslands og Pósti og síma.
42. Hólmkell Hreinsson, Akureyri, afhenti úr bókaþöf til Amtsbókasafns gögn úr fórum Hans Jörgenssonar.
43. Magnús Stefánsson, Akureyri, afhenti frá Læknafélagi Akureyrar skjöl frá Jóhanni Þorkelssyni héraðslækni
44. Bjarni Reykjalin, Akureyri, afhenti gögn frá Stúdentafélaginu á Akureyri, komin frá Stefáni Reykjalin.

45. Svanbjörn Sigurðsson, Akureyri, afhenti gögn frá Markaðsskrifstofu Akureyrar og Rafveitu Akureyrar.
46. Alice Zakrisson, Akureyri, afhenti gögn frá Þjóðarflokknum.
47. Þór Sigurðsson, Akureyri, afhenti nokkur skjöl frá Guðfinnu Bjarnadóttur, móður-systur sinni.
48. Jón Hjaltason, Akureyri, afhenti gögn frá Júdóræði Akureyrar.
49. Brynjar Gylfason, Akureyri, afhenti gögn sem fundust innan í bók hjá Hjalpræðis-hernum á Akureyri.
50. Ragnheiður Olga Loftsdóttir, Akureyri, afhenti gögn frá Garðyrkjufélagi Akur-eyrar.
51. Þóra Guðrún Pálsdóttir, Keflavík, afhenti gögn frá Arthur Gook og Sæmundi G. Jóhannessyni á Sjónarhæð.
52. Elín Sigurbjörg Jónsdóttir, Akureyri, afhenti gögn frá skólateymi á fjölskyldudeild Akureyrarbæjar.
53. Hjörtur Haraldsson, Víðigerði, afhenti gögn frá Lionsklúbbum Vitaðsgjafa og Búnaðarfélagi Hrafnagilshrepps.
54. Elís P. Sigurðsson, Akureyri, afhenti ljósrit af gögnum v/söfnunar rekaviðs á Jan Mayen 1977-1995.
55. Jóhanna Kristín Gunnlaugsdóttir, Akureyri afhenti gögn frá Norðurlandsdeild Landssamtaka áhugafólks um flogaveiki (LAUF).
56. Gunnhildur Stefánsdóttir, Reykjavík afhenti einkaskjöl frá Petrínu Eldjárn, Akur-eyri.
57. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afhenti tónleikaskrár frá Amtsbókasafni.
58. Svanhildur Hermannsdóttir, Akureyri, afhenti skjöl frá MENOR, Menningarsam-tökum Norðlendinga.
59. Anna Helgadóttir, Akureyri, afhenti gögn frá Þjóðarflokknum og Samtökum um jafnrétti milli landshluta.
60. Þorsteinn Arnórsson, Einingu-Íðju, afhenti kauptaxta, samninga, bréf o.fl. frá Alþýðusambandi Norðurlands og verkáýðsfélögum á Siglufirði og Hrísey.
61. Guðmundur Víðir Gunnlaugsson, Akureyri, afhenti fána og blöð frá Ungmennafélagi Akureyrar.
62. Gunnhildur Þórhallsdóttir, Akureyri, afhenti nótur frá Karlottu Jóhannsdóttur, Akureyri.
63. Snjólaug Aðalsteinsdóttir, Akureyri, afhenti skjöl Kvenfélagsins Baldursbrá, Akur-eyri.
64. Helga Alfreðsdóttir, Akureyri, afhenti kveðskap úr skemmtiferð Gagnfræðaskóla Akureyrar í Stykkishólmi 1945.
65. Jóhanna Kjartansdóttir, Laugarborg, Eyjafjarðarsveit, afhenti skjöl frá Kvenfélaginu Íðunni, Hrafnagilshreppi.
66. Arndís Bergsdóttir, Akureyri, afhenti frá Iðnaðarsafni teikningar frá Skipasmiða-stöð KEA og Tryggva Gunnarssyni, skipasmið á Akureyri.

67. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afhenti frá Amtsbókasafni sálmaskrár o.fl. smáprent.
68. Garðar Ólason, Grímsey, afhenti skjöl Grímseyjarhrepps.
69. Elín Dögg Guðjónsdóttir, Akureyri, afhenti gögn af skóladeild og frá gæsluvöllum Akureyrar.
70. Elín Dögg Guðjónsdóttir, Akureyri, afhenti ársreikninga Akureyrarbæjar 2008.
71. Karl Haraldsson, Akureyri og Haraldur Haraldsson, Seltjarnarnesi, afhentu einkaskjöl frá Ragnheiði Karlsdóttur, Akureyri.
72. Jón Einar Haraldsson, Akureyri, afhenti tilskipanir (forordninger) frá árunum 1688-1789.
73. Anna Bragadóttir, Akureyri, afhenti uppdrætti frá skipulagsdeild Akureyrarbæjar og Grímsey.
74. Gunnar Jónsson, Akureyri, afhenti skjöl frá KA og Minningarsjóði Jakobs Jakobs-sonar.
75. Gunnar Sólnes, Akureyri, afhenti skjöl frá Jóni og Ingu Sólnes, Akureyri.
76. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afhenti frá Amtsbókasafni nokkur hefti af Íslendingadeginum frá árunum 1933-1974.
77. Örn Stefánsson, Akureyri, afhenti skjöl frá flutningafyrirtækinu Pétur & Valdimar hf, Hallgilsstöðum.
78. Haraldur Hannesson, Víðigerði, afhenti Ensk-íslenska vasaorðabók, gefna út á stríðsárunum til að auðvelda samskipti á ensku.
79. Kolbrún Magnúsdóttir, Akureyri, afhenti frá bæjarskrifstofu afsöl, samninga o.fl. úr Hrísey.
80. María Jóhannsdóttir, Naustum, afhenti gögn frá bróður sínum Hinriki Jóhannssyni frá Hömrum.
81. Björn Ingólfsson, Grenivík, afhenti gögn úr Grýtubakkahreppi, einkum varðandi sundlaug sem Slysavarnarfélagið rak.

Rekstrarreikningur 2009

40	Tekjur - Framlag ríkis	1.900.000 cr
40	Tekjur - Sveitarfélög utan Akureyrar	2.408.206 cr
40	Seld þjónusta	1.624.000 cr
51	Launakostnaður/starfsmannakostnaður	12.530.574.-
52	Vörukaup, rafmagn og hiti	1.649.546.-
53	Húsaleiga/lausafjárleiga	19.331.519.-
53	Önnur þjónustukaup/ræsting	2.424.618.-
	<u>Samtals:</u>	<u>30.004.051.-</u>
